Segull blýsins og bartar trésins

– Gretar og Guðjón á Kjarvalsstöðum


Myndlist

Ólafur Engilbertsson

Félagarnir Guðjón og Gretar, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum, hafa verið á margan hátt samstiga í listrænni viðleitni; útskriftarbræður úr MHÍ og innskriftarbræður í Nýlistasafnið og Myndhöggvarafélagið – auk þess sem báðir hafa unnið við leikhús. En á hinn bóginn virðast listræn markmið þeirra harla ólík. Gretar hefur á undanförnum árum málað eins konar hringiður eða spírala og notað til þess ólík meðul; blý, lím, flauel, nagla og kaffi meðal annars – á milli þess sem hann hannar leikmyndir sem þykja hafa valdið straumhvörfum í íslensku leikhúsi. Guðjón er gjarnari á að breyta um taktík. Hann sýndi madonnumálverk í FÍM-salnum fyrir fjórum árum, hefur teiknað bókakápur í myndasögustíl og á samsýningu Myndhöggvarafélagsins fyrir tveimur árum sýndi hann forvitnilega hausa, höggna úr tré.

Höfuðhugmyndir

Þrír hinna kostulegu hausa Guðjóns eru á þessari sýningu; stór strákur með kótilettubarta og tveir félagar hans sem einnig hafa alveg ómótstæðilega hárgreiðslu. Guðjóni er greinilega í lófa lagt að lokka fram sérkenni þessara trjádrumba og gera þá að persónum. Konur iða í skinninu eftir að klappa þessum elskum því þeir hafa svo mjúka húð og alls enga skeggbrodda. Nú í viku hársins er upplagt að kanna þetta. Annars eru málverk langsamlega fyrirferðarmest á sýningu Guðjóns. Þar bregður fyrir hinum torkennilegustu „fyrirbærum", uppstillingum sem teflt er gegn staðlaðri fjallasýn. Ef vel er að gáð má greina svip með fyrirbærum þessum og fyrrnefndum drengjahöfðum, sem e.t.v. ætti þó fremur að nefna brjóstmyndir. Í fyrirbæramálverkum númer tvö, þrjú og fimm kennir meiri dýptar en undirritaður hefur áður greint hjá Guðjóni. Í öðrum málverkum á sýningunni gætir grynninga, en það kemur ekki að sök því handverk og hugmyndaauðgi fallast hvarvetna í faðma. Raunar virðast verkin „Varða" og „Sumarnótt" staðfesta að Guðjóni lætur best að skipta á milli aðferða, s.s. skúlptúrs og málverks. Ein aðferð er annarri innblástur. Víxlverkunin breytir ekki bara höfðinu heldur einnig hugmyndunum.



Gretar Reynisson og Guðjón Ketilsson í sýningasal að Kjarvalsstöðum.

Hver er hraði blýs?

Gretar heldur hér áfram ferð sinni eftir spíralnum eilífa. Vinnubrögðin verða stöðugt agaðri – „kyrrari" að sögn listamannsins en ég leyfi mér að halda því fram að hraðinn hafi samsamast svo vel blýinu að hann greinist varla lengur. Mexíkómayar hafa sérstætt tímatal sem grundvallast á tveimur misstórum tannhjólum. Þeir halda því fram að þegar líður á hvert tímaskeið aukist hraði tímans uns hann sogast í hringiðu og endurnýjar sig. Þannig þýtur blýkúla Gretars hljóðfrá um austursal Kjarvalsstaða og hleður utan á sig hverju sem nálgast segulsvið hennar; hvort sem það er blásaumur eða dáleidd augu skoðandans. Myndir eitt, tvö og þrjú sýna vel árahringi hleðslunnar – áferðin hefur þar ákveðinn sogkraft. Mynd fjögur er hins vegar leiktjald sýningarinnar og var rétt ákvörðun að setja hana á endavegg því að fjarlægðin skiptir hér máli. Ekki er ég alveg sáttur við litlu akrýlmyndirnar frammi á ganginum og held að Gretar hljóti að luma á sterkari smámyndum – blásaumsnaglasúpan er þar undanskilin.

Nú fara að verða síðustu forvöð að berja augum þessar ágætu sýningar sem lýkur á sunnudag, 6. október.

Nauðungaruppboð

á eftirtöldum fasteignum fer fram í skrifstofu embættisins, Auðbrekku 10, Kópavogi, á neðangreindum tíma:

Álfaheiði 30, 01-02, þingl. eig. Kristinn Baldursson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.00. Uppboðsbeiðandi er Guðjón Ármann Jónsson hdl.

Álfatún 25, 01-02, þingl. eig. Sigvaldi Einarsson og Guðlaug Birgisdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.00. Uppboðsbeiðandi er Þorsteinn Eggertsson hdl.

Álfatún 27, 0101, þingl. eig. Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.00. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Álfatún 35, 01-01, þingl. eig. Anna Björg Thorsteinson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.05. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Álfhólsvegur 46-A, þingl. eig. Hulda G. Kristinsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.05. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Bæjarsjóður Kópavogs.

Álfhólsvegur 59, þingl. eig. Sævar Snæbjörnsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.10. Uppboðsbeiðandi er Árni Pálsson hdl.

Álfhólsvegur 85, kjallari, þingl. eig. Þór Ostensen, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.10. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Ásbjörn Jónsson hdl. og Jóhannes Sigurðsson hdl.

Álfhólsvegur 92, þingl. eig. Jóna Sigurjónsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.10. Uppboðsbeiðandi er Tryggingastofnun ríkisins.

Ásbraut 9, 1. hæð, þingl. eig. Garðar Guðjónsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.10. Uppboðsbeiðendur eru Jón Ingólfsson hrl., Guðmundur Pétursson hdl., Ólafur Gústafsson hrl. og Eggert B. Ólafsson hdl.

Ástún 12, 02-04, þingl. eig. Margrét Herborg Nikulásdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.15. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Bæjarsjóður Kópavogs.

Ástún 12, 2-5, þingl. eig. Guðrún Ósk Sæmundsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.15. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Ástún 14, 4-5, þingl. eig. Sigrún Jónína Sigmundsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.15. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Birkigrund 59, þingl. eig. Jón Ármann Héðinsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.15. Uppboðsbeiðendur eru Ólafur Gústafsson hrl., Klemens Eggertsson hdl., Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Róbert Árni Hreiðarsson hdl. og Tómas H. Heiðar lögfr.

Borgarholtsbraut 11-A, tal. eig. Jökull Gunnarsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.20. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Digranesvegur 46, 1. hæð, þingl. eig. Valdimar Þórðarson og Pála Jakobsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.20. Uppboðsbeiðendur eru Kristján Ólafsson hdl., Bæjarsjóður Kópavogs og Kristinn Bjarnason hdl.

Engihjalli 11, 2. hæð F, þingl. eig. Una Gunnarsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.20. Uppboðsbeiðandi er Íslandsbanki.

Engihjalli 11, 3. hæð C, þingl. eig. Hjörtur Ármannsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.25. Uppboðsbeiðandi er Tryggingastofnun ríkisins.

Engihjalli 13, 1. hæð t.v., þingl. eig. Jóna Björk Gunnarsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.25. Uppboðsbeiðandi er Fjárheimtan hf.

Engihjalli 17, 1. hæð D, þingl. eig. Gunnar Hreinn Björnsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.25. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Engihjalli 1, 2. hæð A, þingl. eig. Bæjarsjóður Kópavogs, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.30. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Engihjalli 1, 7. hæð D, þingl. eig. Víðir Gunnarsson og Una B. Þorleifsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.30. Uppboðsbeiðendur eru skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, Veðdeild Landsbanka Íslands og Fjárheimtan hf.

Fagrihjalli 66, þingl. eig. Herborg Haraldsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.35. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Thoroddsen hrl., Bæjarsjóður Kópavogs og Skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Furugrund 22, 1. hæð A, þingl. eig. Guðrún Stefánsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.35. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Furugrund 40, 2. hæð A, þingl. eig. Guðmundur Arnarson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.35. Uppboðsbeiðandi er Eggert B. Ólafsson hdl.

Hafnarbraut 13-15, 01-03, þingl. eig. Vélsmiðjan Steinar hf., miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.35. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Hamraborg 14, 1. hæð A, þingl. eig. Haraldur Hreinsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.40. Uppboðsbeiðandi er skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Hamraborg 18, 2. hæð D, þingl. eig. Þórarinn Sigurðsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.45. Uppboðsbeiðendur eru Róbert Árni Hreiðarsson hdl. og Bæjarsjóður Kópavogs.

Helgubraut 27, þingl. eig. Reynir Helgason, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.40. Uppboðsbeiðendur eru skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi og Bæjarsjóður Kópavogs.

Hlíðarhjalli 12, 02-01, tal. eig. Ólafur H. Einarsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.40. Uppboðsbeiðendur eru Ari Ísberg hdl. og Ólafur Gústafsson hrl.

Hlíðarhjalli 63, íbúð 00-01, tal. eig. Sigríður A. Guðnadóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.45. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Thoroddsen hrl., skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi og Bæjarsjóður Kópavogs.

Hlíðarhjalli 65, 02-02, tal. eig. Ingibjörg A. Kristensen, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.50. Uppboðsbeiðendur eru Sigurmar Albertsson hrl. og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Hlíðarhjalli 65, 0302, tal. eig. Jóhannes Þórir Reynisson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.50. Uppboðsbeiðandi er skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Hófgerði 20, kjallari, þingl. eig. Róbert Ingi Guðmundsson og Þuríður Rúnarsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.55. Uppboðsbeiðendur eru Ari Ísberg hdl., Bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Huldubraut 13, efri hæð, þingl. eig. Jóhann S. Vilhjálmsson og Guðmunda Ingjaldsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.55. Uppboðsbeiðandi er skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi.

Kársnesbraut 108, 01-05 og 01-06, þingl. eig. Sólargluggatjöld hf., miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Eggert B. Ólafsson hdl.

Kársnesbraut 111, þingl. eig. Ester Benediktsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Landsbanki Íslands.

Kjarrhólmi 24, 4. hæð A, þingl. eig. Birna Jónsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Kópavogsbraut 14, ris, þingl. eig. Gestur Þorsteinsson og Gunnvör Björnsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.05. Uppboðsbeiðendur eru skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi og William Thomas Möller hdl.

Lundarbrekka 16, 2. hæð t.h., þingl. eig. Kjartan Örn Jónsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.05. Uppboðsbeiðandi er Bæjarsjóður Kópavogs.

Melgerði 1, 1. hæð og kj., þingl. eig. Guðmundur Örn Guðmundsson og Margrét S. Ellertsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.10. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Nýbýlavegur 66, 1. hæð t.h., þingl. eig. Auðunn Snorrason, tal. eig. Guðrún Sigurðardóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.10. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Þór Árnason hdl., Friðjón Örn Friðjónsson hdl., Ólafur Gústafsson hrl., Steingrímur Eiríksson hdl., Landsbanki Íslands, Helgi V. Jónsson hrl. og Bæjarsjóður Kópavogs.

Skólagerði 45, þingl. eig. Sverrir Kristinsson og Kristín Ögmundsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.15. Uppboðsbeiðandi er Arnmundur Bachman hrl.

Skólagerði 9, þingl. eig. Jens Gústafsson og Elísabet A. Magnúsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi og Friðjón Örn Friðjónsson hdl.

Smiðjuvegur 14, 1. hæð austurhl., þingl. eig. Sverrir Hreiðarsson, Smári Hreiðarsson og Arndís Hreiðarsd., miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Thoroddsen hrl., Ólafur Axelsson hrl., Gjaldheimtan í Reykjavík, Bæjarsjóður Kópavogs og Árni Einarsson hdl.

Smiðjuvegur 14, 1. hæð vestur, þingl. eig. Sverrir Hreiðarsson, Smári Hreiðarsson og Arndís Hreiðarsd., miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.20. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Thoroddsen hrl., Ólafur Axelsson hrl., Gjaldheimtan í Reykjavík, Bæjarsjóður Kópavogs og Árni Einarsson hdl.

Sæbólsbraut 19, þingl. eig. Karl G. Torfason, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.20. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Guðjón Ármann Jónsson hdl.

Sæbólsbraut 26, 02-01, þingl. eig. Óskar Guðjónsson, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.20. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Bæjarsjóður Kópavogs.

Sæbólsbraut 26, 02-03, þingl. eig. Inga Björk Steinsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.25. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Sæbólsbraut 28, 03-02, þingl. eig. Embla Benediktsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.25. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Vatnsendablettur 44, þingl. eig. Sigríður Jóhannsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.

BÆJARFÓGETINN Í KÓPAVOGI

Nauðungaruppboð

annað og síðara á eftirtalinni fasteign fer fram í skrifstofu embættisins, Auðbrekku 10, Kópavogi, á neðangreindum tíma:

Hraunbraut 19, þingl. eig. Margrét Runólfsdóttir, miðvikudaginn 9. október 1991 kl. 10.00. Uppboðsbeiðendur eru Guðjón Ármann Jónsson hdl. og Búnaðarbanki Íslands.

BÆJARFÓGETINN Í KÓPAVOGI